

M-61/2016. Álit 13. febrúar 2018.

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 13. febrúar 2018 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-61/2016.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 22. júlí 2016 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á vatnsdælu í bifreið sína af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi telur að vatnsdælan hafi verið gölluð og valdið tjóni á vél bifreiðarinnar. Krefst álitsbeiðandi þess að seljandi bæti sér það tjón sem varð á vélinni.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 16. ágúst 2016, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 24. ágúst 2016. Þann 2. september voru andsvörin send til álitsbeiðanda og honum bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna andsvaranna innan tveggja vikna. Álitsbeiðandi nýtti sér þá heimild og bárust athugasemdirnar þann 27. september 2016. Seljanda voru sendar athugasemdir álitsbeiðanda þann 28. september 2016 og honum bent á heimild til að hafa uppi frekari andsvör innan tveggja vikna. Seljandi skilaði inn frekari athugasemdum þann 13. október 2016. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 11. ágúst 2017, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa farið með bifreið sína, af gerðinni Range Rover, árgerð 1999, í viðgerð til verkstæðis á Akureyri. Verkstæðið sá um að kaupa vatnsdælu í bifreiðina og setja hana upp fyrir álitsbeiðanda þann 28. október árið 2014, en hún var keypt af seljanda fyrir 7.351 krónur af verkstæðinu Z, Í júní árið 2016, um 20 mánuðum eftir kaupin, brotnaði öxull vatnsdællunnar í akstri og olli að sögn álitsbeiðanda umtalsverðu tjóni á nærliggjandi íhlutum. Sjáanlegt tjón er að sögn álitsbeiðanda brotnir viftuspaðar, brotin viftuhlíf, slitin viftureim og ónýtur vatnskassi auk þess sem hiti vélarinnar rauk upp við að tapa kælivatninu og því „óvíst hvort heddið lifi tjónið af“. Bendir álitsbeiðandi á að sú vatnsdæla sem hafi verið skipt út hafi verið upprunaleg og því sé ekki um ásættanlega endingu að ræða á nýju dælunni.

Þann 1. júlí 2016 hafði álitsbeiðandi samband við seljanda og lýsti því fyrir starfsmanni þar hvað hafi skeð, sendi honum myndir af tjóninu auk þess sem hann sendi vatnsdæluna og tengda hluti í pósti til seljanda. Seljandi kannaði málið hjá birgja og fékk þau svör að ef vandamál komi upp með þessa tegund vatnsdælu megi tengja það annaðhvort við bilun í viftukúplingu eða vegna brotins viftuspaða til dæmis. Viftukúplingin er hins vegar í lagi að sögn álitsbeiðanda og enginn viftuspaði var brotinn fyrr en öxull vatnsdællunnar brotnaði, enda fundust öll brot úr spöðunum þegar atvikið átti sér stað líkt og sjá megi af myndum. Einnig telur álitsbeiðandi mjög ólíklegt að slíkar bilanir myndu brjóta öxulinn í tvennt án þess að lega vatnsdællunnar yrði fyrir skemmdum en hún var óskemmd. Ýmsar fleiri mögulegar skýringar voru nefndar en engar stóðust skoðun að sögn álitsbeiðanda. Þá sagði starfsmaður seljanda að birginn hafi sagt mjög mikilvægt að ef minnsti grunur væri á að hlutirnir væru ekki í fullkomnu lagi yrði að skipta þeim út áður en ný vatnsdæla væri sett í.

Álitsbeiðandi kveðst treysta því að ef aðrir hlutir hefði verið í ólagi hefði verkstæðið sem sá um viðgerðina tilkynnt honum um það og gert viðeigandi ráðstafanir. Telur álitsbeiðandi að vatnsdælan hafi verið gölluð.

Vegna ágreiningsins komust álitsbeiðandi og seljandi að þeirri niðurstöðu að farsælast yrði að fá óháðan fagaðila til að meta hver væri orsök tjónsins og kom tækniráðgjöf FÍB til tals. Álitsbeiðandi hafði samband við FÍB en fékk þær upplýsingar að sá sem annaðist tækniráðgjöf væri í sumarfrí fram í ágúst en til að fá mat sem fyrst gæti hann haft samband við viðurkennd bifreiðaverkstæði og fengið fagaðila þar til að skoða vatnsdæluna og tengda íhluti. Álitsbeiðandi kveðst í kjölfarið hafa hringt í seljanda og þeir sammælt um að til að málið gangi sem hraðast væri góð niðurstaða að fá óháð verkstæði til að skoða hlutina og varð verkstæðið A, fyrir valinu hjá seljanda. Vatnsdælnni og tengdum hlutum var komið til A, og voru skoðaðir af B, bifvélavirkja, en hann er bifvélavirkjameistari frá árinu 2001 og hefur mikla þekkingu á viðfangsefninu. Mat bifvélavirkjans barst þann 13. júlí 2016 og niðurstaðan var sú að hann hefði ekki aðra skýringu á tjóninu en að kenna framleiðanda um enda fengi hann ekki séð hvað annað gæti mögulega hafa valdið tjóninu. Í matinu segir:

„Ég er búin að skoða vatnsdæluna sem þú komst með.

Ég hef aldrei séð svona áður, oft séð ónýta legu en aldrei öxullinn kubbaðan svona í sundur.

Ekki veit ég hvað í bílnum gæti hugsanlega orsakað þetta.

Hef ekki aðra skýringu en að kenna framleiðanda um.“

Álitsbeiðandi reyndi í kjölfarið að ná sambandi við seljanda sem gekk erfiðlega en er það loks tókst neitaði seljandi að taka mark á mati óháða fagaðilans. Ástæða þess var sú að seljandi hafi búist við ítarlegri skýrslu en skýrslunni frá A, og að matið samræmdist ekki skýringum birgjans. Álitsbeiðandi bendir þó á að birginn hafði hlutina ekki undir höndum og getur engan vegin talist óháður matsaðili. Þá hafi talsmaður seljanda nefnt að mögulega hafi einhver átt við íhluti bifreiðarinnar. Álitsbeiðandi segir að hann hafi átt að fá símtal frá seljanda þann 18. júlí en þegar ekkert símtal hafi borist seinnipart daginn eftir hafði álitsbeiðandi samband og var honum tjáð að málið væri komið á borð framkvæmdastjórans sem myndi hafa samband. Hann hafi hins vegar ekki haft samband.

Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi bæti það sjáanlega tjón sem varð á vél bifreiðarinnar og annað tjón sem gæti komið í ljós, enda telur hann víst að vatnsdælan hafi átt sökina.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að álitsbeiðandi segi ekki söguna í heild heldur fegri hlutina sér í hag. Álitsbeiðandi hafði að sögn seljanda samband við gæðastjóra seljanda þann 1. júlí 2016, útskýrði málið, sendi myndir og síðan hlutina til seljanda. Seljandi skoðaði vatnsdæluna og viftuspaðann, sendi myndir á framleiðandann Bock&Berg með lýsingu, og á meðan beðið var eftir svari frá framleiðanda ráðfærði gæðastjóri seljanda sig við C, á A, D, sem er sérfræðingur í Land Rover bifreiðum. Benti hann á að það væri ekki bara öxullinn sem væri brotinn heldur líka húsið á vatnsdælnni sem bendi til hliðarhögg. Bendir hann einnig á að viftukúplingin sé greinilega nýrri en vatnsdælan og hafi verið skipt um hana eftir að skipt var um dæluna, en hún er skrúfuð framan á öxullinn sem brotnaði með öfugum skrúfgangi sem þarfnast sérverkfæra. Ef þau eru ekki notuð verður að nota stóran lykil og sleggju og berja fast, og ef menn viti ekki af öfugum skrúfgangi sé það enn verra. Mat C er að sögn seljanda að eitthvað utanaðkomandi hafi valdið þessu, hvort sem það er hliðarhögg eða að eldri viftukúplingin hafi fests og valdið höggi. Framleiðandinn hafði svipaðar skýringar, að eitthvað utanaðkomandi hafi valdið tjóninu.

Álitsbeiðandi skipti sjálfur um umrædda víftukúplingu samkvæmt símtali við seljanda. Seljandi benti álitsbeiðanda á að leita til FÍB um ráðgjöf því þar séu menn vanir slíkum ágreiningi en þar sem þar var sumarfrí og álitsbeiðandi vildi flýta þessu var því leitað eftir öðru álit hjá A. Seljandi telur að mat A hafi verið framkvæmt án þess að fyrir lægju upplýsingar um að skipt hefði verið um víftukúplingu eftir vatnsdæluskiptin og þar sem engin efnisleg atriði eða röksemdir fylgdu svarinu hafi því verið hafnað. Seljandi stendur fastur við sína niðurstöðu og hvetur álitsbeiðanda til að ráðfæra sig við sérfræðinga FÍB.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum sínum við andsvör seljanda segir álitsbeiðandi að hann hafi ekki sleppt að nefna nein efnisleg atriði sem honum hafi verið kunnugt um, þar sem hann hafi fengið takmarkaðar upplýsingar frá seljanda. Þá tekur álitsbeiðandi fram að hann hafi sagt í símtali að hann hafi skipt um víftuspaðann ásamt föður sínum, menntuðum vélfræðingi og vélvirkja. Víftuspaðinn hafði verið í bifreiðinni í þrjá mánuði í daglegri notkun þegar vatndælan gaf sig og telur álitsbeiðandi fráleitt að ýjað sé að því að vatnsdælan hafi verið skemmd í þeirri viðgerð. Þá hafi eldri víftukúplingin ekki orðið föst heldur hætti að festast sem skyldi og jafnvel þó hún hefði festst valdi það ekki hliðarhöggi.

VI

Frekari athugasemdir seljanda

Í frekari athugasemdum seljanda krefst hann þess að álitsbeiðandi láti FÍB skoða bifreiðina.

VII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir krefst álitsbeiðandi þess að seljandi greiði sér skaðabætur vegna skemmda sem hann telur vatnsdælu er hann keypti hjá seljanda hafa valdið í bifreið sinni.

Um galla á söluhlut er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. Í 1. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi. Þá segir í 2. mgr. ákvæðisins m.a. að söluhlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað, sbr. b-liður 2. mgr. ákvæðisins. Þá mælir 18. gr. nkpl. fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en samkvæmt ákvæðinu hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að vatnsdælan hafi verið haldin galla á seljanda fyrstu 6 mánuði eftir kaupin en að þeim tíma liðnum færast sönnunarbyrðin yfir til neytanda. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ líkt og fram kemur í 1. mgr. 26. gr. nkpl.

Kærunefndin hefur leitað álits sérfræðings til aðstoðar við úrlausn máls þessa samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Við meðferð málsins var álitsbeiðandi beðinn um að fara með vatnsdæluna og hluti sem urðu fyrir skemmdum til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands til að fá óháð mat í málinu á þeim hlutum sem urðu fyrir skemmdum og mögulegri orsök þess. Í ljós kom að verulega kostnaðarsamt var að fá slíkt álit og ákveðið var að sérfræðingur á vegum kærunefndarinnar

myndi reyna að leysa úr málinu samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja. Að áliti sérfræðingsins er ekki unnt að fullyrða hvað það var sem orsakaði bilun í vatnsdælunni og skemmdir á íhlutum bifreiðarinnar. Hins vegar telur hann verulega ólíklegt að galli í vatnsdælunni hafi valdið því að öxull vatnsdælnnar hafi gefið sig fremst við víftukúplinguna, án þess að utanaðkomandi atvik hafi þar einnig haft lykiláhrif. Í áliti sérfræðings kemur fram sá möguleiki að álitsbeiðandi hafi getað valdið þeirri bilun sem síðar kom fram þegar hann setti víftukúplinguna sjálfur upp í bifreiðinni. Er því að áliti sérfræðingsins ekki unnt að fallast á að galli hafi verið á vatnsdælunni þegar álitsbeiðandi festi kaup á henni eða að slíkur galli hefði getað valdið þeim skemmdum sem urðu á bifreið álitsbeiðanda.

Í ljósi framangreinds getur kærnefndin ekki fallist á að vatnsdælan hafi verið haldin galla í skilningi laga nr. 48/2003 um neytendakaup þegar álitsbeiðandi festi kaup á henni, en skemmdir urðu á bifreið álitsbeiðanda um 20 mánuðum eftir að kaupin áttu sér stað. Þá liggur fyrir að álitsbeiðandi ásamt föður hans vann sjálfur við að setja vatnsdæluna í bifreiðina. Í ljósi atvika verður ekki annað séð en að bilun vatnsdælnnar megi rekja til atvika er varða álitsbeiðanda í skilningi 1. mgr. 26. gr. nkpl. Verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

VIII Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson